

Stjórnugrís hf  
Vallá  
116 Kjalarnes

Reykjavík, 24. nóvember 2020  
UST202009-276/H.R.A.  
08.12.02

### **Efni: Áminning og krafa um úrbætur**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 8. október sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Stjórnugrís hf. vegna frávika er fram komu í eftirliti þann 24. ágúst 2018 hjá Stjórnugrís ehf, Melum. Í eftirliti stofnunarinnar 9. júní sl. var staðfest að úrbótum vegna umræddra frávika úr eftirliti 2018 hefur enn ekki verið lokið í samræmi við áður samþykktar áætlanir rekstraraðila um úrbætur. Frestur var veittur til 22. október til að skila inn staðfestingu á úrbótum eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Hinn 22. október bárust sjónarmið rekstraraðila og áform hans um úrbætur.

#### **Frávikin eru eftirfarandi:**

1. **Gr. 2.8 í starfsleyfi.** Safnþrær skulu yfirbyggðar, þéttar og þannig frá þeim gengið að ekki leki úr þeim út í umhverfið. Fremri þró er ekki yfirbyggð. **Um nánari útlistun á stöðu fráviks 2.8. vísast í umfjöllun síðar í bréfinu.**
2. **Gr. 2.14 í starfsleyfi.** Bundið slitlag með niðurfalli skal vera við dyr þar sem afhending dýra fer fram. Eitt af húsunum uppfyllir ekki þær kröfur. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila frá 23. október sl. kemur fram að fyrir liggja 2 ára pöntun á malbikun hjá Fagverk, en þeir hafi þó ekki komist í verkið. Rekstraraðili bindur vonir um að þetta verði klárað á næstu vikum en erfitt hafi verið að fá aðila til að vinna verkið fyrir félagið sökum anna í samgöngumálum og mögulega vegna COVID á þessu ári. Beðið er um frest til loka nóvember.**

**Umhverfisstofnun fellst á að veita rekstraraðila umbeðin frest til úrbóta í fráviki nr. 2 en óskar staðfestingu á verklokum og úrbótum fráviks eigi síðar en 5. desember nk.**

#### **Umfjöllun um frávík nr. 1 hér að ofan:**

Í eldri úrbótaáætlun rekstraraðila sem barst Umhverfisstofnun þann 13. desember 2018 kom fram að leitað hafi verið ýmissa leiða til úrbóta á fráviki frá gr. 2.8. í starfsleyfi. Meðal annars hefði rekstraraðili skoðað það með verkfræðingi hvernig hægt væri að byggja yfir tankinn. Ásamt því hefði rekstraraðili skoðað aðrar lausnir. Áætluð verklok rekstraraðila voru skv. þeirri úrbótaáætlun dagsett 1. ágúst 2019. Í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar dags. 7. febrúar 2020, vegna eftirlits stofnunarinnar frá 17. desember 2019 urðu, að því er virðist mannleg mistök til þess að frestur til úrbóta var framlengdur um ár eða til 1. ágúst 2020, var ákveðið að rekstraraðili fengi að njóta vafans af því.

Umhverfisstofnun hefur því ekki fylgt málinu eftir með þvingunaraðgerðum, en rekstraraðili hefur þó ítrekað verið minntur á útistandandi frávik m.a. í reglubundnum eftirlitsferðum. Staðan á safnþró var svo tekin út í eftirliti stofnunarinnar, síðast 9. júní sl. Þá var staðfest að úrbætur varðandi yfirbyggingu væru ekki hafnar. Í umræddu eftirliti ræddi rekstraraðili um að náttúruleg skorpa sé nefnd sem möguleg lausn í stað yfirbyggingar samkvæmt BAT niðurstöðum.

### **Sjónarmið rekstraraðila frá 23. október 2020:**

Í framlögðum sjónarmiðum rekstraraðila frá 23. október sl. fer rekstraraðili yfir stöðu málsins og bendir á að umrætt starfsleyfisákvæði sé almennt orðað og ekki væri getið um efnisvið yfirbyggingarinnar. Ítrekaði rekstraraðili enn þann möguleika að náttúruleg skorpa sé mögulega fullnægjandi lokun á yfirborði tanksins í samræmi við BAT niðurstöður. Vísaði rekstraraðili einnig til viðræðna hans við framleiðendur tanka í Danmörku og að þar hafi komið fram að ekki væri almenn krafa þar í landi um yfirbyggingu á tönkum, heldur einungis í sérstökum tilvikum. Nefndi hann meðal annars í þeim tilvikum þar sem bú væru staðsett nálægt þéttri byggð eða öðru viðkvæmu svæði. Þeir aðilar sem rekstraraðili ræddi við í Danmörku höfnuðu samvinnu í þessu verkefni þar sem vind, og snjóálag hér á landi væri of mikið, að þeirra mati, fyrir þær lausnir sem þeir hafa upp á að bjóða, þ.e. dúkþak. Rekstraraðili hafi einnig leitað leiða innanlands til úrbóta á frávikinu og hefur skv. uppfærðri úrbótaáætlun fengið tilboð frá Steypustöðinni og verkfræðingum í steipt þak á tankinn, verðmiðinn á því hafi hljóðað upp á 45 milljónir króna. Jafnframt tók rekstraraðili fram að hann hafi átt í viðræðum við spænska og hollenska aðila um aðrar lausnir sem mögulega gætu gengið en Covid19 hafi sett strik sitt í þær viðræður.

Auk alls ofangreinds segist rekstraraðili hafa rætt við innlenda aðila sem selja haugtanka en enginn slíkra tanka sé yfirbyggður þar sem engar kröfur séu þar að lútandi. Rekstraraðili telur það vera umfram meðalhóf að hann einn verði að fjárfesta fyrir tugmilljónir umfram aðra í landbúnaðarrekestri enda viti hann um tugi óyfirbyggða tanka um land allt og þótt víðar væri leitað. Vísar hann einnig til landa innan ESB þar sem BAT niðurstöðurnar eiga rætur sínar að rekja. Hann telur íslensk lög og reglugerðir í landbúnaði séu í raun byggðar á reglum sambandsins. Að endingu óskar rekstraraðili eftir frekari frest til úrbóta þar til erlendir aðilar hafi svarað honum hvort þeir hafi lausnir sem gætu staðist þau veðurskilyrði sem hér eru, ef svo er þá verði ráðist í þær lausnir strax og hægt er. Í ljósi þess að nú sé kominn vetur og Covid19 sé enn í hámarki óskar rekstraraðili eftir frest fram til næsta vors, 2021 til úrbóta. Rekstraraðili tekur fram að ef ekki finnst lausnir sem eru of íþyngjandi fyrir rekstur hans umfram aðra þá sé ekkert annað í stöðunni fyrir þá en að fara að skoða breytingu á starfsleyfi.

### **Sjónarmið Umhverfisstofnunar:**

Stofnunin vill áréttta að rekstraraðila ber að fylgja þeim skilyrðum sem fram koma í starfsleyfi þeirra, sem og öðrum gildandi lögum og reglugerðum hverju sinni, enda er útgefið starfsleyfi forsenda þess að rekstraraðili hefur heimildir til starfa skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ákvæði þau er fram koma í starfsleyfi rekstraraðila eru sett með tilliti til aðstæðna hvers og eins reksturs hverju sinni og geta gengið lengra en gildandi lög hverju sinni telji útgefandi starfsleyfisins þess vera þörf meðal annars m.t.t. til mengunarvarna.

Við útgáfu starfsleyfis Stjórnugriss hf, Melum, komu ýmis mótmæli fram og fór það svo að útgáfa þess var kærð til Umhverfisstofnunar (nú Umhverfis og auðlindaráðuneytið) sem kvað upp úrskurð sinn dags. 5. mars 2012. Í úrskurði ráðuneytisins var fallist á útgáfu starfsleyfisins sem er forsenda þess að Stjórnugriss hf, Melum hefur starfað síðan. Í úrskurði ráðuneytisins kemur þó einnig fram eftirfarandi um skyldu til yfirbyggingar safnþróarinnar;

*„Ráðuneytið telur hins vegar að sú skylda sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar (nr. 804/1999) þ.e. að við gripahús, þ.m.t. svínabú, skuli vera vandaðar og þéttar hauggeymslur, sé ótvíræð og án undantekninga. Ljóst er að haughús sem ekki eru yfirbyggð uppfylla ekki kröfur um þéttleika, enda kemur fram í starfsleyfinu sú meginkrafa að safnþrær séu yfirbyggðar og þéttar. Í reglugerð nr. 804/1999 er þá ekki að finna ákvæði er heimilar undanþágu frá umræddri kröfu eða frest til að uppfylla hana. Við setningu reglugerðar nr. 804/1999 var kveðið á um aðlögun í ákvæði til bráðabirgða þar sem sagði að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. skyldi innan 10 ára frá gildistöku reglugerðarinnar koma upp hauggeymslum af réttri stærð á búum þar sem slíkar hauggeymslur væru ekki til við gildistöku reglugerðarinnar. Ákvæði þetta gildi til ársins 2010 og var því þá breytt með setningu nýs ákvæðis til bráðabirgða, sbr. reglugerð nr. 339/2010, þar sem kúabúum var veittur frekari frestur til að koma upp hauggeymslum af réttri stærð. Samkvæmt þessu er ljóst að frestur starfsleyfishafa til að uppfylla kröfur 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um hauggeymslur rann út á árinu 2010.“* (Leturbreytingar undirrituð)

Að mati Umhverfisstofnunar kemur það skýrt fram í úrskurði Umhverfisstofnunar (nú Umhverfis og auðlindaráðuneytisins) frá því 2012 að yfirbygging safnþróarinnar væri ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir starfsemi og ekki sé lagaheimild til að veita frest til að uppfylla umrædda kröfu. Hér bendir stofnunin jafnframt á að rök um meðalhóf fyrir óhóflegu starfsleyfisskilyrði voru tekin fyrir hjá ráðuneytinu við útgáfu starfsleyfisins og var niðurstaða sú að krafan væri þess eðlis að hún væri ófrávíkjanleg og þoldi enga bið. Rekstraraðilum hafi verið veittur 10 ára aðlögunarfrestur við útgáfu reglugerðar nr. 804/1999. Sá frestur rann út 2010, eða fyrir 10 árum og hefur því nú þegar verið gefið aukið svigrúm til aðlögunar. Rekstraraðili hefur fengið amk. einn verktaka sem telur sig geta fundið lausn á yfirbyggingu safnþróunar og því er ljóst að ekki er um ómöguleika að ræða og hefur þetta skilyrði legið fyrir allt frá útgáfu starfsleyfisins.

Sjái rekstraraðili sér ótækt að fylgja starfsleyfisskilyrðum sem sett hafa verið í útgefnu starfsleyfi hefur hann möguleika á að óska eftir endurskoðun og breytingu á núgildandi starfsleyfi með formlegum hætti. Ef náttúruleg skorpumyndun myndi reynast fullnægjandi til yfirbyggingar eftir nánari rannsóknir væri mögulega hægt að líta til þess, en könnun stofnunarinnar á skorpumyndun í tanknum nú í sumar sýndu fram á að lítil sem engin skorpumyndun var til staðar. Þrátt fyrir rök rekstraraðila um að skorpan væri þykkari á öðrum tímum árs, enda getur slík yfirbygging ekki talist fullnægjandi þar sem krafa er um yfirbyggingu safnþróunar allt árið um kring. Einnig vill Umhverfisstofnun ítreka að rekstraraðila hefur verið gert kunnugt um að sérfræðingar stofnunarinnar telja þennan möguleika óraunhæfan í íslenskum aðstæðum. Úrræðið er ekki talið henta í köldu veðurfari.

Umhverfisstofnun telur í ljósi ofangreinds að ekki séu forsendur til að gefa þann viðbótarfrest til úrbóta á fráviki 1 (gr. 2.8. í starfsleyfi), um yfirbyggingu safnþrónnar sem rekstraraðili leggur til. Stofnunin hafnar aðsendri úrbótaáætlun varðandi frávikið og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur.

Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 9. desember nk. til þess að skila inn fullnægjandi tímasettri úrbótaáætlun. Sú áætlun skal vera með skilgreindum og tímasettum vörðum um lok hvers verkþátts fyrir sig svo unnt sé að fylgja eftir framgangi verksins með markvissum hætti. Jafnframt óskar stofnunin eftir því að staðfesting á að samningur hafi verið gerður við verktaka um yfirbyggingu safnþrónnar verði sendur stofnuninni eigi síðar en 30. desember 2020.

Umhverfisstofnun ítrekar jafnframt að rekstraraðili hefur verið veittur frestur til úrbóta í fráviki nr. 2 ( gr. 2.14 í starfsleyfi ) til loka nóvember, en óskar staðfestingu á verklokum og úrbótum frávíks eigi síðar en 5. desember nk.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 52.800 kr.**

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Helgu Rut Arnarsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [helga.arnarsdottir@ust.is](mailto:helga.arnarsdottir@ust.is). Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

